

## Þorlákshöfn hafnsögumaður

Þorlákshafnarhöfn óskar eftir að ráða hafnsögumann við höfnina í Þorlákshöfn.

Starfið felur í sér leiðsögu skipa um hafnarsvæði skv. lögum um leiðsögu skipa nr. 34/1993.

Hafnsögumaður annast almenna starfsemi hafnarinnar og þjónustu við viðskiptavini hennar. Hann vinnur að vigtun sjávarafla og skráningu upplýsinga um löndun ásamt skráningu og skýrslugerðum sem við kemur allri umferð um hafnarsvæði og hafstögu.

Öryggisefirlit á hafnarsvæðum, öryggismál og mengunarvarnir falla einnig undir starfssvið hafnsögumanns ásamt ýmsum öðrum verkefnum, s.s. að raða skipum í höfn, binda skip við bryggju, afgreiða vatn og rafmagn til skipa og sinna daglegu viðhaldi hafna og búnaðar í samstarfi við aðra starfsmenn Þorlákshafnar.

Um er að ræða 100% framtíðarstarf

### Menntun og reynsla:

- Skipstjórnarpróf 2.stigs réttindi er skilyrði
- Almenn ökuréttindi
- Löggilding vigtarmanns er kostur
- Hafnsöguréttindi kostur
- Réttindi til hafnarverndar kostur
- Vélstjórnarpróf er kostur

### Hæfni:

- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni við skráningu gagna
- Ríkuleg þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhersla er lögð á vandvirkni og nákvæmni í öllum störfum
- Dugnaður, vinnusemi og sveigjanleiki

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst 2024.**

Launakjör eru samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga við FOSS.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Benjamín Þorvaldsson, hafnarstjóri í síma 861-0270 eða í gegnum tölvupóst á [benjamin@olfus.is](mailto:benjamin@olfus.is). Umsóknir skulu sendar á netfangið [benjamin@olfus.is](mailto:benjamin@olfus.is) Með umsókn skal fylgja ferilskrá og afrit af viðeigandi réttindum. Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.